

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöflufögum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöflufögum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
2005.2002	Kartöflur:	15.08.03 - 31.12.03	15.000	0	0
2005.2003	Sneiddar eða skornar. Nasl svo sem skífur, skráfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.				

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í þremur hlutum, 5000 kg hver hluti. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 7. júlí 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Björk Guðnadóttir.